

Júni 2022

SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

HANDBÓK FYRIR FORMENN SKÓGRÆKTARFÉLAGA 2022



INNIHALD:

Skógurinn í Ólafsvík dafnar og er með flott útsýni.

1. Inngangur

2. Verkefni okkar

3. Styrkjámöguleikar

4. Starfsfólk okkar


INNGANGUR

Skógræktarfélag Íslands var stofnað 1930 og er landssamband skógræktarfélaganna í landinu. Markmið þess er að vinna að framgangi skóg- og trjáræktar í landinu og stuðla að hverskonar umhverfisbótum. Í því samhengi hefur félagið umsjón með ýmsum verkefnum tengdum gróðri og samfélagi. Markmið félagsins er því tvíþætt: að vinna með skógræktarfélagunum og að auka hróður skógræktar meðal almennings í landinu.

Skógræktarfélagin byggjast á sjálfbærni. Hvert og eitt þeirra hefur eigin stjórn og lög og eiga að halda aðalfund árlega. Markmið þeirra er að bæta umhverfið og lífga upp á nærsamfélagið með viðburðum sem færa fólk nær skóginum og náttúrunni.

Alls eru um 7.300 félagsmenn aðilar að 63 skráðu skógræktarfélagi. Ár hvert sitja fulltrúar skógræktarfélaganna aðalfund Skógræktarfélags Íslands. Aðrir fundir eru einnig skipulagðir inn á milli, til að ræða tiltekin málefni.

Skógargeirinn er í mikilli þróun hérlendis og koma ýmsir aðilar að sem leika mikilvæg hlutverk í öllum viddum skógræktar – fjármálum, sjálfbærni, félagslegri hlið og áhættustjórnun. Meðfylgjandi er hugarkort (mind map) sem setur þessa aðila í samhengi.



VERKEFNIN OKKAR


Við sinnum mörgum verkefnum, sem vel flest tengjast skógræktarfélagunum á einn eða annan hátt.

Verkefni og starfsemi fyrir félögin:

- Styðja við þau almennt, gæta hagsmuna þeirra og veita aðstoð sem þarf.
- **Landgræðsluskógar:** Skógræktarfélag geta fengið ókeypis plöntur til gróðursetninga í umsamin Landgræðsluskógasvæði.
- **Opinn skógur:** fundnir styrktaraðilar til að byggja upp aðstöðu í skógum skógræktarfélaga, til að geta opnað þá formlega fyrir almenningi til útivistar, undir hatti Opins skógar.
- **European Solidarity Corps – Erasmus+:** Skógræktarfélag Íslands fær á hverju sumri evrópska sjálfboðaliða til vinnu. Skógræktarfélögin geta sótt um að taka á móti þeim til gróðursetninga/vinnu í skógum.
- **Líf í lundi:** helgargleði í kringum Jónsmessu/sumarsólstöður með viðburðum í skógum skógræktarfélaganna.
- **Skógarfólkið:** nýtt verkefni síðan árið 2021 sem miðar að því að hjálpa skógræktarfélagum sem standa höllum fæti við að skipuleggja viðburði og auka sýnileika innan síns samfélags.

Önnur verkefni:

- **Kolviður,** í samvinnu við Landvernd: Kolviður gróðursetur tré á móti kolefnislosun einstaklinga/fyrirtækja.
- **Yrkja:** sjóður er úthlutar trjáplöntum til grunnskóla til gróðursetningar. Sótt er um árlega.
- **Tré ársins:** er útnefnt árlega, á grundvelli menningarlegs eða sögulegs gildis eða fágætis.
- **Skógrækt:** umsjón með jólaskóginum í Brynjudal í Hvalfirði.
- **Annað:** samskipti á samfélagsmiðlum, árleg fræðsluferð til útlanda og skipulagning fræðslu.



STYRKJAMÖGULEIKAR

Flest skógræktarfélög sækja um styrki og aðra fjármögnun til að sinna verkefnum sínum. Hér er listi yfir nokkra möguleika.


- **Landgræðslusjóður:** megin áhersla sjóðsins er landgræðsla, gróðurvernd og útbreiðsla skóga. Einstaklingar, félög og stofnanir geta sótt um. Sótt er um einu sinni á ári, vanalega í febrúar/mars, sjá: www.skog.is/landgraedslusjodur/
- **Vorviður:** sjóður á vegum Skógræktarinnar, ætlaður frjálsum félagasamtökum til kolefnisbindingar með skógrækt. Styrkur til að endurgreiða plöntukaup. Umsókn var síðast í febrúar, sjá: www.skogur.is/is/nyskograekt/skoggraedsluverkefni/vorvidur-studningur-vid-skograekt-felaga-og-samtaka
- **Umhverfis- og auðlindaráðuneytið:** sjóður fyrir verkefna- og rekstrarstyrki fyrir félög á sviði umhverfismála. Vanalega auglýst í nóvember, á heimasíðu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, www.uar.is
- **Loftslagssjóður:** heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðherra. Hlutverk sjóðsins er að styðja við nýsköpunarverkefni á sviði loftslagsmála og verkefni er lúta að kynningu/fræðslu um loftslagsmál. Hægt er að sækja um tvisvar á ári (desember og mars), sjá: www.rannis.is/sjodir/rannsoknir/loftslagssjodur/
- Einkaaðilar/fyrirtæki hafa styrkt skógræktarverkefni í gegnum tíðina. Sem dæmi má nefna **Alcoa Foundation**, sem hefur stutt skógræktarverkefni á Austurlandi: www.alcoa.com/foundation/en
- Bankarnir: **Íslandsbanki:** www.islandsbanki.is/is/grein/umsokn-um-styrk ; **Landsbankinn:** www.landsbankinn.is/bankinn/samfelagsstefna/studningur-vid-samfelagid/samfelagsstyrkir
- **Sveitarfélögin:** Alltaf má athuga þitt sveitarfélag. Þau hafa í gegnum tíðina stutt við skógræktarfélög með láni á áhöldum, veitt styrki og lánað mannskap, og gerð samstarfssamninga.
- **SEEDS Iceland** og **WF Veraldarvinir** eru íslensk samtök sem útvega erlenda sjálfbóðaliða sem vilja vinna að verkefnum á Íslandi. Það er hægt að þróa verkefni með þeim, fyrir þá sem hafa áhuga á að fá sjálfbóðaliða, sjá: www.seeds.is/need-volunteers&wf.is/



STYRKJAMÖGULEIKAR

Ef þið viljið koma á listrænu eða menningarlegu verkefni eru til sérstakir sjóðir fyrir það:

- **SASS – Samtök sunnlenskra sveitarfélaga** eru með Uppbyggingarsjóð Suðurlands, sem veitir verkefnastyrki á sviði nýsköpunar, menningar og atvinnuþróunar á Suðurlandi, sjá: www.sass.is/uppbyggingarsjodur/. Athugið hvort til séu sambærilegir sjóðir á ykkar svæði.
- **Framkvæmdasjóður ferðamannastaða**: hefur veitt styrki til skógræktarféлага. Veitir styrki til uppbyggingar ferðaþjónustu/aðstöðu. www.ferdamalastofa.is/is/umhverfis-og-gaedi/framkvæmdasjodur-ferdamannastada.
- **Lýðheilsusjóður**: áhersla á að styrkja lýðheilsustarf, sjá: www.landlaeknir.is/um-embættid/lydheilsusjodur/.
- Ýmsir möguleikar eru á styrkjum á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Styrkjaáætlanir innan **Nordic Culture Point** veita styrki til menningarverkefna á Norðurlöndum, sjá: www.nordiskkulturkontakt.org/en/. **Nordic Culture Fund** líka: www.nordiskkulturfond.org/en/apply-for-funding/
- Aðrir erlendir aðilar veita mögulega styrki til skógræktar. Sem dæmi þá býður **The Awesome Foundation** upp á styrki í gegnum the Awesome Border Grant til smærri verkefna, sjá: www.awesomefoundation.org/en/chapters/awesomewithoutborders
- Það eru líka fordæmi fyrir samstarfi við hina ýmsu aðila – skóla, kvenfélög, Rótarý og Lionsklúbba, Gróður fyrir fólk (sjá www.gff.is), skátahreyfinguna, listamenn o.fl.



STARFSFÓLK OKKAR

Brynjólfur Jónsson – bj@skog.is, 820-2113
Skógfræðingur – framkvæmdastjóri
Skógræktarritið - Opinn Skógur




Einar Örn Jónsson – ej@skog.is, 895-6061
Garðyrkjufræðingur – verkefnastjóri
Ritstjóri Laufblaðsins, umsjón með sjálfboðaliðum



Hrefna Einarsdóttir – hrefna@skog.is, 899-6833
Skrifstofustjóri
Skipulagning aðalfundar



Jón Ásgeir Jónsson – jon@skog.is, 865-3080
Skógfræðingur – verkefnastjóri
Landgræðsluskógar, Kolviður (verklegar framkvæmdir),
Líf í Lundi, Skógargátt



Ragnhildur Freysteinsdóttir – rf@skog.is, 897-1010
Umhverfisfræðingur – verkefnastjóri
Aðstoðarritstjóri Skógræktarritsins, ritstjóri vefmiðla,
félagaskrá skógræktarfélaga, Kolviður (almennt), Yrkja



Þórveig Jóhannsdóttir – thorveig@skog.is, 858-7851
Skógfræðingur – verkefnastjóri
Samningar, landfræðileg upplýsingakerfi, Avenza-námskeið



Elisabeth Bernard – elisabeth@skog.is, 783-9531
Mannfræðingur – verkefnastjóri
Skógarfólkið, samfélagsmiðlar, sérstök rannsóknarverkefni



Narfi Hjartarson – narfi@skog.is - 863-6412
Skógfræðinemi - umsjónarmaður
Verkstjórn sjálfboðaliða - Opinn Skógur



ÚTGÁFUR



Við erum á samfélagsmiðlum – fylgist með okkur!



Skógræktarfélag Íslands - www.skog.is



Skógræktarfélag Íslands - @skograektarfelag



The Icelandic Forestry Association - @skograektarfelagislands



Skógræktarfélag Íslands - @skograektarfelag



Icelandic Forestry Association



**SKÓGRÆKTARFÉLAG
ÍSLANDS**

HAFID SAMBAND
Skógræktarfélag Íslands
Þórunnartún 6, 2. hæð
105 Reykjavík
551-8150
skog@skog.is